

## Samstarfshópur um gerð stjórnunar- og verndaráætlun Friðlands að Fjallabaki

### Fundargerð

Fundur var haldinn á Umhverfisstofnun Hellu og Teams 1. desember 2020 kl. 13:00-14:30

### Fundarmenn

Hákon Ásgeirsson, Umhverfisstofnun

Hildur Vésteinsdóttir, Umhverfisstofnun

Þórdís Björt Sigþórsdóttir, Umhverfisstofnun (sem ritaði fundargerð)

Kristinn Guðnason, Rangárþingi ytra

Sigurgeir Guðmundsson, Rangárþingi ytra

Kristján Jónasson, Náttúrufræðistofnun Íslands

### Fundardagskrá:

1. Farið yfir vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun
2. Farið yfir athugasemdir og ábendingar sem bárust á auglýsingartíma stjórnunar og verndaráætlunar og tillögur að svörum
3. Lokadrög að stjórnunar- og verndaráætlun yfirfarin
4. Næstu skref

1. Að loknum auglýsingartíma fundaði Umhverfisstofnun með félagasamtökunum LÍV, F4x4 og FETAR vegna fjölda athugasemda sem bárust á auglýsingartíma áætlunarinnar varðandi svæðaskiptingu og vetrarumferð. Eins var fundað með Hellismönnum, FÍ, Útivist o.fl. varðandi gönguleiðir.

Vegna svæðaskiptingar var óskað eftir nákvæmari gögnum frá ÍSOR og í kjölfarið var afmörkun á hverasvæðum breytt og þau minnkuð umtalsvert í ljósi nýrra gagna. Ný afmörkun á svæði 1 var unnin í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands.

*Staðan núna: Búið er að funda með ráðgjafanefnd friðlandsins. Samstarfshópur fer yfir athugasemdir og ábendingar og eins yfir áætlunina í heild sinni á fundinum í dag.*

2. Umhverfisstofnun fór yfir helstu athugasemdir sem bárust á auglýsingartíma áætlunarinnar, alls 118 athugasemdir bárust. Mikið af athugasemdum samhljóma og voru flestar varðandi varðandi svæðaskiptingu og þær takmarkanir sem lagðar voru til á svæði 1.

Umræður um landgræðslu og skógrækt. Fram kom að landgræðslugirðingin er að mestu utan friðlýsta svæðisins og að innan svæðisins sé engin skógrækt. Skógræktin hefur gert samning við Landgræðsluna. Í athugasemdum var landgræðslugirðingin kölluð Ársskógar, en bent var á að það er villandi heiti svo notast verður við „Landgræðslugirðing“.

Umræður um sauðfjárbreit. Fjallað er sérstaklega um sauðfjárbreit í friðlýsingarskilmálum í auglýsingu friðlandsins, en athugasemdir bárust varðandi sauðfjárbreit innan friðlandsins. Bent var á að það verkefni sem unnið er að hér er gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið en ekki endurskoðun á friðlýsingarskilmálum svæðisins verða reglur varðandi sauðfjárbreit óbreyttar áfram í samræmi við ákvæði auglýsingar. Umfjöllun um Grólinn var bætt inn í áætlunina í kjölfar athugasemda. Fulltrúar í samstarfshóp bentu á að verkefnið er ekki fullklárað og gögn um Fjallabakssvæðið ekki fullnægjandi. Samstarfshópur sammála um að

texti um Grólinð verkefnið verði tekinn úr áætluninni þar til verkefnið verður komið lengra. Landbótaáætlanir eru í gildi til 2025, Landgræðslan gerði ekki athugasemdir varðandi þær áætlanir.

Umræða um hjólreiðar. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að það hafi sem flestir aðgang að svæðinu á sinn hátt. Þarf að stýra því þannig að allt fari saman, allir fái góða upplifun af svæðinu og öryggi sem og náttúruvernd sé tryggð. Sumar gönguleiðir eru þess eðlis að hjólreiðar henta ekki og því er lagt til í áætluninni að ekki sé gert ráð fyrir hjólreiðum á þeim leiðum. Áætlunin er lifandi plagg og hægt að endurskoða ef nýjar lausnir koma til.

Umræða um utanvegaakstur og hvar hann fer helst fram innan og í nágrenni friðlandsins. Landverðir vinna jafn óðum við að afmá för eftir utanvegaakstur eins og kostur er. Um 40 tilvik voru skráð á öllu Fjallabakssvæðinu í sumar, ekki aðeins innan friðlandsins.

### 3. Yfirferð yfir áætlunina í heild og þær breytingar sem lagðar eru til

- Umræða um orðið sjálfbærni – Bændur ekki sáttir við notkun orðsins „sjálfbærni“ en ekki ríkir sameiginlegur skilningur á því hvað er sjálfbær beit. Til að forðast mistúlkun er hugtakið sjálfbærni felld úr úr kafla um sauðfjárbreit en er í kaflanum um landnotkun almennt.
- Umræða um hvort nota skuli hugtakið skipulagsskylda eða skipulagsvald. Bent var á að í skipulagslögunum er notað orðið skipulagsskylda. Sveitarfélagið leggur til að notað verði orðið skipulagsvald og var áætluninni breytt til samræmis.
- Umræða um efnistöku og það að mikilvægt er að það sé sem styst í alla efnistöku vegna viðhalds vega og annara innviða. Bent á að í áætluninni er gert fyrir að efnistökusvæði verði skoðuð sérstaklega með Vegagerðinni.
- Umræður um þjóðvegi í framhaldi af athugasemd Vegagerðarinnar um heiti vega. Vegagerðin er veghaldari þjóðvega og benti á í athugasemd frá þeim að nota það orð yfir veg nr. 208, F208 og F225. Samstarfshópurinn fór yfir skilgreiningar á þjóðvegi og undirflokkum.
- Umræða um einstefnu á einstaka gönguleiðum og möguleika á að setja tilmæli fremur en reglu á Laugaveginum. Bent á að einstefna á Laugaveginum gæti verið flókin í framkvæmd þar sem margar aðrar gönguleiðir koma inn á Laugavegin. Í aðgerðaáætlun er gert ráð fyrir að stofnaður verði hópur sem hefur það hlutverk að kanna ýmsa möguleika á gönguleiðum, m.a. einstefnu.
- Ábendingar varðandi hestagerði og áningarhólf barst stofnuninni og var ákveðið að nota aðeins orðið hestagerði. Náttstaðir fyrir hesta eru á tveimur stöðum innan friðlandsins, í Landmannalaugum og Landmannahelli.
- Umræða um gönguleiðir þar sem bent var á að á meðan gönguleiðir eru ekki þekktar og ekki hægt að hafa eftirlit með þá ætti ekki að merkja inn á gönguleiðakort. Áætlunin og kortin eru lifandi skjöl sem hægt er að uppfæra þegar þess er þörf.
- Bent var á að reiðveg sem vantar á kort sem verður bætt inn.

### 4. Næstu skref

Fulltrúar Umhverfisstofnunar senda greinagerð og allar fundargerðir af fundum sem haldnir hafa verið á undanförunum vikum á samstarfshóp. Einnig greinagerð með ábendingum vegna áætlunarinnar og lokadrög að stjórnunar- og verndaráætlun til yfirlestrar. Ef samstarfshópur telur mikilvægt að halda annan fund í kjölfarið verður það gert.

Fundi slitið kl. 14:30.